



EFTIRLITSSKÝRSLA

Sorpurðunarstaður Vopnafjarðarhrepps við Búðaröxl

Dagsetning 16. ágúst 2011
Fyrirtæki Vopnafjarðarhreppur,
sorpurðunarstaður við Búðaröxl
Heimilisfang Hamrahlíð 15,
690 Vopnafjörður
Kennitala 710269-5569
Isat nr.
Starfsemi sorpurðun

Fulltrúi HAUST f.h. UST:
Helga Hreinsdóttir
Starfsleyfi, gildir til 5. september 2012
Tegund eftirlits Reglubundið
Fulltrúar fyrirtækis Hilmar Jósefsson
Staðsetning starfstöðvar (hnit): 65°
45,366'N, 14° 51,022'W (ISN93:
690.074, 590.539)

Umhverfisstofnun vinnur starfsleyfi fyrir starfsemina og fer með beitingu þvingunarúrræða en hefur falið HAUST að viðhafa eftirlit með starfseminni með sérstökum samningi þar um.



NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Tvær athugasemdir eru gerðar í kjölfar eftirlitsferðarinnar:

1. Athugasemd um að betur þurfi að þekja úrgang til að hindra fok af svæðinu
2. Athugasemd um að reglulega þurfi að ganga svæðið og tína fokefni úr skorningum og skurðum til að tryggja að fokefni berist ekki af svæðinu

Báðum þessum athugasemdum hefur forsvarsmáður starfsleyfishafa svarað í tölvupósti dags. 1.10. sl. og þegar hrundið í framkvæmd úrbótum. Því er litið svo á að ekki þurfi að knýja frekar á um úrbætur, en fylgja málinu eftir í reglubundnu eftirliti snemma árs 2012.

UMFANG EFTIRLITS

Eftirlit var framkvæmt í samræmi við reglugerð nr. 786/1999 um mengunarvarnaeftirlit, með breytingum og í samræmi við ákvæði starfsleyfis.

Gengið var um urðunarstaðinn allan, litið í gryfjur og frárennisskurði. Málmageymslusvæðið einnig skoðað. Myndir voru teknar í eftirlitsferðinni.

Girðingar eru allgóðar og hlið læst. Ekki var fugl á svæðinu við aðkomu.

Yfirborð haugsvæðisins er mjög þokkalegt, nema á köntum þess. Á nokkrum stöðum sér á úrgang þar sem þekja hefur ekki verði nógu þykk, eða þar sem úrgangur hefur runnið fram af bökkum og ekki náðst að þekja. Þetta á einkum við um kantinn við læk norðan við urðunarsvæðið, en einnig á SV horni, þar sem nú eru urðunarreinar fyrir heimilisúrgang og lífrænan úrgang.



Fokefni er innan urðunarstaðarins, t.d. í



köntum urðunarsvæðis og í skurðum, en sorp virðist ekki berast út fyrir svæðið.

Í eftirliti með sláturhúsi Vopnafjarðar þann 22.9. sl. kom í ljós að lífrænn úrgangur frá sláturhúsinu hafði ekki verði þakinn í lok dags. Fulltrúi sveitarfélagsins kvaðst strax myndi gera aths. við verktaka.

Skýr krafa er um að úrgangur sé hulinn í lok dags og einnig að svæðin séu gengin reglulega til að tína upp fokefni.

Málmar eru geymdir innan urðunarsvæðisins og þar er málmur einnig raðað í gám til brottflutnings og endurvinnslu. Á þessum stað þarf reglulega að fjarlægja plast og hluti aðra en máлма.

Þau svæði urðunarstaðarins sem nýlega er búið að leggja jarðveg yfir og loka eru mjög þokkaleg og þar sér ekki á úrgang upp úr þekju. Svipað má segja um kant á vesturhluta svæðisins sem snýr að nýjum þjóðvegi milli urðunarstaðarins og Nýpslóns.



FRÁVIKⁱ OG ATHUGASEMDIRⁱⁱ

Athugasemd 1:

Það er mat undirritaðrar að starfsleyfishafi þurfi að skerpa á eftirfarandi ákvæði starfsleyfis við verktaka á svæðinu og þykir víst að það hafi þegar verið gert.

3.8 Úrgangur sem lagður hefur verið í urðunargryfju skal birgður samdægurs.

Starfsleyfishafi hefur í tölvupósti gert grein fyrir að hann hafi strax haft samband við verktak, sem hafi borði við mistökum og samdægurs þakið úrganginn.

Athugasemd 2

Mikilvægt er að svæðið sé gengið reglulega, að lágmarki vor og haust til að tína upp fokefni úr bökkum skurðum og skorningum innan svæðisins, til að tryggja að fokefni berist ekki út af svæðinu og gera svæðið meira aðlaðandi. 1.3 Berist á starfstímanum óeðlilega mikil mengun frá starfsemi urðunarstaðarins út í umhverfið, sér rekstraraðili um að koma í veg fyrir að mengunarefni haldi áfram að breiðast út. Rekstraraðila ber að hreinsa þá mengun sem kann að verða við óhöpp eða önnur atvik, á sinn kostnað.

Starfsleyfishafi hefur í tölvupósti gert grein fyrir að undanfarið hafi fokefni verið tínd af og til, en að greinilega þurfi að gera það oft og að það verði gert hér eftir.

Athugasemd 3:

Ekki var með skoðun staðfest að fyrir lægju viðbragðsáætlun og neyðaráætlun sbr. liðir 3.4 og 3.5 í starfsleyfi. Starfsleyfishafi er hvattur til að útbúa slíkar áætlanir ef þær eru ekki þegar fyrirbyggjandi og senda afrit til HAUST fyrir 15.10. nk.

Önnur atriði:

Af hálfu sveitarfélagsins hefur verið sótt um til Umhverfisstofnunar að skilgreina urðunarstaðinn þannig að hann þjóni afskekktu byggð. Þegar er hafin vinna við umsókn um endurnýjun starfsleyfisins.

Af hálfu rekstraraðila hefur komið fram að stefnt sé að því að hreinsa málma af urðunarsvæðinu, koma nýtilegu í geymslu, en öðru í endurvinnslu. Þar með mun yfirbragð urðunarsvæðisins batna til muna.

1. október 2011
Virðingarfyllst,

Helga Hreinsdóttir
heilbrigðisfulltrúi

ⁱ **Frávik:** Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

ⁱⁱ **Athugasemd:** Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.